

viðvart og, ef svo er, þá hvenær. Þá er og rétt, að aðilar afli gagna um önnur þau atriði, sem öflun framhalds-skýrslna kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á öflun framangreindra gagna.

Mánudaginn 23. september 1946.

Nr. 143/1944. Hreppsnefnd Skilmannahrepps f. h. hreppsins (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
 gegn

Bæjarstjóra Akraness f. h. bæjarsjóðs
 (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. des. 1944 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóv. s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lög-takið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því, sem upp hefur komið fyrir hæstarétti, eru atvik málsins þessi:

Hinn 1. desember 1928 keypti Ytri-Akranesshreppur, nú Akranesskaupstaður, lendu úr jörðinni Ósi í Skilmannahreppi. Lenda þessi liggur að landi jarðarinnar Garða á Akranesi, sem einnig er í eign stefnda. Hefur stefndi leigt ýmsum mönnum á Akranesi spildur úr landi Garða á erfðafestu, en nokkur hluti þess er óleigt beitoland. Lendan úr

Ósslandi var sameinuð nefndu beitilandi Garða með girðingu, og hefur ekki verið seld á leigu. Hefur stefndi veitt ýmsum erfðafestuhöfum í Garðalandi leyfi til þess að láta búpening sinn ganga sameiginlega á lendu þessari og beiti-landi Garða. Fyrir hagagöngu tekur stefndi beitartoll, sem reiknaður er fyrir mánaðargöngu búpenings, en innheimtur einu sinni á ári.

Telja verður, að vegna framangreindrar nýtingar stefnda á eignarhluta sínum úr landi jarðarinnar Óss útsvarsárið 1941 hafi hann samkvæmt b-lið 8. gr. þágildandi útsvars-laga nr. 106/1936 orðið útsvarsskyldur í Skilmannahreppi, enda er ekki heimild til að telja bæjarfélög eða sveitar, er hafa slík afnot af landi jarða í öðru sveitarfélagi, undan þeirri skyldu. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtakið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtakið.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

**Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar og
hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Jón sýslumaður Steingrímsson hefur sem setufógeti kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóv. 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. des. s. á., krefst þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svo krefst hann og, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hér fyrir dómi skýra frá atvikum máls þessa á þann hátt, sem nú verður rakið: Ytri-Akranesshreppur, nú Akranesskaupstaður, keypti 1928 hluta af beitolandi jarðarinnar Óss, sem er í Skilmannahreppi. Liggur Óssland að landi jarðarinnar Garða, sem Akranesskaupstaður á og er innan vébanda kaupstaðarins. Stjórnvöld kaupstaðarins girtu Garðaland og Ósshlutann einni og sömu girðingu. Er íbúum Akranesskaupstaðar, þeim er búfé eiga, leigð erfðafestulönd í Garðalandi svo og hagbeit innan nefndrar girðingar. Endurgjald fyrir hagbeitina er reiknað sem mán-aðargjald fyrir hverja skepnu, sem höfð er þar á beit. Akranesskaupstaður á enga gripi á þessu landi, og ekki láta stjórnvöld kaupstaðarins stunda þar heyskap, ræktun matjurta eða hafa þar önnur búskaparnot fyrir reikning kaupstaðarins. Ráðstöfun kaupstaðarins á jarðarhlutanum verður því ekki talin slík sjálfstæð starfræksla á landinu, að telja meg til ábúðar, lóðarafnota, er gefa arð, eða leiguliðaafnota, sbr. b-lið 8. gr. laga nr. 106/1936, og brestur því lagaheimild til að taka kröfur áfrýjanda til greina, enda breytir það engu um þessa niðurstöðu, þó að stefndi hafi árin 1930—1937 greitt áfrýjanda útsvar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Akranesskaupstaðar 27. júlí 1944.

Með beiðni, dags. 1. júlí 1943, fór oddviti Skilmannahrepps þess á leit við bæjarfógetann á Akranesi, að hann gerði lögtak hjá Akranesskaupstað fyrir 54 króna útsvari, er Skilmannahreppur lagði á kaupstaðinn árið 1942.

Hinn 7. s. m. úrskurðaði hinn reglulegi fógeti, Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, að hann viki sæti í málinu ex officio, þar sem hann á sæti í bæjarstjórn Akranesskaupstaðar.

Hinn 6. október 1943 skipaði dómsmálaráðuneytið Jón Steingrímsson sýslumann í Borgarnesi til þess sem setufógeta í Akranesskaupstað að fara með og úrskurða mál þetta.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að Akranesskaupstaður eigi landsvæði í Skilmannahreppi, sem kaupstaðurinn hafi arð og afnot af.

Umboðsmaður gerðarþola, bæjarstjórinn á Akranesi, mótmælir því, að hin umbeðna lögtaksgerð fari fram. Skýrir hann svo frá, að land það, er Akranesskaupstaður á í Skilmannahreppi, sé beittilandi, er keypt hafi verið undan jörðinni Ósi, til að nytja það til beitars fyrir skepnur, er íbúar Akraness áttu, til viðbótar beittilandi jarðarinnar Garða, er kaптúnið þá átti. Fullyrðir hann, að kaupstaðurinn hafi engan arð af þessu landi, því beitargjöld hafi eigi verið hækkuð, er það var keypt, enda hafi kaup þessa landsvæðis eingöngu verið gert með hag almennings fyrir augum. Mótmælir hann því, að Akranesskaupstaður reki atvinnu í Skilmannahreppi, en telur, að hann eigi þar óarðbæra eign.

Gerðarbeiðandi mótmælir framangreindum rökum gerðarþola. Telur hann, að Akranesskaupstaður hafi keypt beittilandið til hagsbóta fyrir einstaka menn, er landbúnað stunda að öðrum þræði. Hafi kaupin verið Skilmannahreppi til óhags, vegna þess að þau hafi leitt til þess, að minni búskap var hægt að reka á jörðinni Ósi, en Akranesskaupstað til hagsbóta, því að þessi aðstaða kaupstaðarbúa til búskapar skapi þeim auknar tekjur, er bæjarsjóður væntanlega leggi útsvar á.

Að réttarins áliti verður eigi talið, að Akranesskaupstaður sæti útsvörum í Skilmannahreppi, þótt hann hafi keypt hluta af beittilandi einnar jarðar í hreppnum og heimili kaupstaðarbúum beit fyrir búpening sinn á því landi. Verður því að telja óheimilt að leggja á kaupstaðinn útsvar það, er í máli þessu getur, sbr. lög nr. 46/1926, 6. gr. A III. b., og verður því krafa gerðarbeiðanda um, að lögtakið nái fram að ganga, eigi tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefur á því, að úrskurður væri kveðinn upp, stafar af annriki setufógetans við sýslufundarstörf og undirbúning manntalsþinga, enda hefur hann eigi átt erindi til Akraness fyrr en nú á þingaferðum.

Því úrskurðast:

Lögtakið á eigi fram að fara.